

Námsáætlun í íslensku, 9. bekkur

Tímabil: Haustönn 2016

5 kennslustundur, 3 kennslustundir á viku bundnar í töflu og

Kennari: Halla Björk Þorláksdóttir

Markmið

Stefnt er að því að nemandi:

- rifji upp orðflokka í íslensku, þekki hlutverk þeirra og beygingaratriði
- geri sér grein fyrir orðhlutum og hljóðbreytingum og geti nýtt sér þá þekkingu t.d. við stafsetningu
- lesi sér til ánægju á hverjum degi í skólanum og að nemandi geti valið sér lesefni sem vekur áhuga hans
- þjálfist í ritun, bæði skapandi skrifum og rökfærsluritun (í ritun er bæði farið í stafsetningu og uppbyggingu og frágang texta)
- öðlist færni í að koma hugsunum sínum og skoðunum á blað
- þjálfist í að koma fram og flytja verkefni sín áheyrilega
- þjálfist í vinnubrögð í samvinnu, samræðum og tjái skoðanir sínar og geti rökstutt þær
- þjálfist í að afla heimilda, leggja mat á þær og vinna úr þeim
- þjálfist í mismunandi lestraraðferðum s.s. skimun og djúplestri og átti sig á hvenær er hentugt að nota hverja aðferð fyrir sig
- geti beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntum s.s. sjónarhorni, sögusvið, persónusköpun og boðskapur
- skoði ólík málsnið og átti sig á hvernig við beitum mismunandi málsniði (bæði í töluðu máli og rituðu)

Inntak

Helstu þættir innan íslenskunnar eru: bókmenntir og lestur, ritun og stafsetning, málfræði, framsögn, áhorf og hlustun. Á önninni verður málfræði 8. bekkjar rifuð upp og nýju efni bætt við. Kennsla í málfræði og málnotkun verður hefðbundin í námsefninu Finnur I en í Neistum er viðfangsefnið nálgast á nýjan hátt.

Hver kennslustund byrjar á yndislestri og eru nemendur hvattir til að lesa fjölbreytt efni. Auk þess verður fjallað um mismunandi lestraraðferðir. Áhersla lögð á að nemendur taki virkan þátt í umræðum, segi sína skoðun og rökstyðji hana. Í ritun er lögð áhersla á að nemandi temji sér þau vinnubrögð að fara yfir eigin texta áður en honum er skilað. Nemandi fær tékklista frá kennara sér til stuðnings sem hann er beðinn um að fara yfir ásamt texta sínum með gagnrýnu hugarfari. Einnig er lögð áhersla á að nemandi sýni kennara öll ritunarverkefni áður en þeim er skilað til að fá ábendingar og geti með þeim hætti með bætt færni við ritun.

Námsefni

Neistar kafli 1, 3, 5 og 7. Logar kafli 2 og 5. Finnur I. Skáldsaga að eigin vali lesin og kjörbókarverkefni unnið úr henni, ýmsar styttri sögur notaðar auk efnis frá kennara.

Auk þess eru ýmis uppflettirit notuð s.s. handbókin Málfinnur, íslensk orðabók og vefir á netinu sem tengjast námsefninu.

Kennsluaðferðir og skipulag

Íslenska er 5 kennslustundir á viku. 3 kennslustundir eru bundnar í stundatöflu en 2 eru hluti af vinnutímum. Nemendur vinna eftir áætlunum. Tímar byrja oftast á innlögn kennara um ákveðin viðfangsefni en stundum fara nemendur beint í verkefnavinnu. Verkefnin eru ýmist unnin í hóp eða einstaklingslega en nemendur eru ávallt hvattir til að hjálpast að. Íslenskunám teygir anga sína í önnur fög, til dæmis þjálfar nemendur vinnubrögð við heimildavinnu í náttúrufræði, svo og uppsetningu heimildaskrár. Nemendur verða lestrarprófaðir (raddlestur) þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí.

Námsmat

Ritunarverkefni 10%, málfræðpróf 10%, kjörbókarverkefni 20%, bókmenntagreiðing 10%, próf úr Sagnorðum og lesskilningi 10%, jólapróf 15% og verkefni úr leshringjum 15%. Ástundun 10%.

Tímabil	Námsefni	Viðfangsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð
25. – 26. ágúst			Útivistarnámskeið og gönguferðir.
29. ágúst – 2. september	Neistar 1. kafli	Framsögn Skapandi ritun	Innlögn kennara, sum viðfangsefnin byggja á umræðum í hópum. Framsagnarverkefni, bæði um undirbúið efni og óundirbúið efni. Skil á tveimur ritunarverkefnum.
5. – 9. september	Neistar 1. kafli	Framsögn Rökfærslurritun	Sum viðfangsefnin byggja á umræðum í hópum. Framsagnarverkefni og skil á ritunarverkefni (bréf til sveitarstjórnar)
12. – 16. september	Neistar 3. kafli og Finnur II	Ólíkar textategundir Skipting orða í fallorð, sagnorð og smáorð	Sjá fyrri viku. Nem. læra að nýta sér vef um beygingar orða (arnastofnun.is) Nem. þjálfast í notkun handbóka og orðabóka.
19. – 23. september	Neistar 3. kafli og Finnur II	Ólíkar textategundir Skipting orða í fallorð, sagnorð og smáorð. Skapandi ritun	Skil á tveimur ritunarverkefnum.
26. – 30. september	Neistar 7. kafli og Finnur II	Áhersla á fallorð og ritun Yndislestur, kjörbók valin	Innlögn kennara, einstaklingsvinna. Nemendur hvattir til að hjálpast að og sýna sjálfstæð vinnubrögð með því að nýta sér handbækur og vefi.

3. – 7. október	Neistar 7. kafli og Finnur II	Fallorð og ritun	Skil á ritunarverkefnum 10%, málfræðiþróf 10%
10. – 14. október	Logar 2. kafli	Bókmenntagreining	Unnið með bókmenntahugtök út frá smásögunni Dundi. Þetta er undirbúningur fyrir kjörbókarverkefni síðar á önninni. Verkefni úr sögunni 10%
17 – 21. október	Neistar 7. kafli og Finnur II	Áhersla á sagnorð	Innlögn kennara og einstaklingsverkefni. Nemendur hvattir til samvinnu.
24. – 28. október	Neistar 7. kafli og Finnur II	Áhersla á sagnorð	Innlögn kennara og einstaklingsverkefni. Nemendur hvattir til samvinnu.
31. október – 4. nóvember	Neistar 4. kafli Um lestur, læsi og úrvinnslu	Ýmis konar lesskilningsverkefni unnin og mismunandi lestraraðferðir rifjaðar upp.	Innlögn kennara, einstaklings- og hópverkefni.
7. – 11. nóvember	Logar 5. kafli	Uppruni orða og orðaforði í íslensku (erfðaorð, tökuorð, nýyrði, slangur og slettur). Mállyskur. Orðtök, málshættir og margræð orð.	Unnin skemmtileg verkefni fyrir Dag íslenskrar tungu sem er í næstu viku. Skil á kjörbókarverkefni 20%.
14. – 18. nóvember	Dagur íslenskrar tungu.	Halda áfram með verkefni úr fyrri viku. Hljóðbreytingar, orðhlutar, sértæk og víðtæk orð, margræð orð.	Próf/verkefni úr lesskilningi og sagnorðum 10%
21. – 25. nóvember	Byrja á leshring	Hljóðbreytingar, orðhlutar, sértæk og víðtæk orð, margræð orð.	Innlögn á leshringjum og málfræði og málnotkunar
28. nóvember – 2. desember	Leshringir	Bókmenntir	Hópverkefni og umræðuverkefni úr leshringjum. Jólapróf 15%
5. – 9. desember	Leshringir	Bókmenntir	Hópverkefni og umræðuverkefni úr leshringjum. Skil á verkefnum úr leshring 15%
12. – 16. desember	Jólaþema		